

Ed.
um sálfræðinga.

438. Frumvarp til laga

[154. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. mars.)

Samhljóða þskj. 332 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Ráðuneytinu er heimilt að afturkalla löggildingu, sbr. 2. gr., ef sálfræðingur er vegna sjúkdóms eða af öðrum ástæðum álitinn óhæfur til að gegna starfi sem sálfræðingur. Leita skal álits Sálfræðingafélags Íslands um málið.

Einnig er heimilt að afturkalla löggildingu ef sálfræðingur þrátt fyrir viðvörðun vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli laga. Sá aðili, sem hlut á að máli, getur skotið úrskurði um sviptingu löggildingar til dómstóla.